

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2511
komudagur 16.5.2012

Alþingi
Alþingishúsið v/Austurvöll
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2012
Mál nr: 2012-158/0.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga Ríkisútvarpið – fjölmiðil í almannabágu.

Fjölmiðlanefnd vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 2. maí s.l. þar sem óskað var eftir umsögn fjölmiðlanefndar vegna frumvarps til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðils í almannabágu (Þingskjal 1186 – 748. mál). Í frumvarpinu er að finna endurskoðun á núgildandi lögum sem og breytingar vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA. Hefur fjölmiðlanefnd kynnt sér efni frumvarpsins þar sem fjórar greinar snúa sérstaklega að fjölmiðlanefnd og aðkomu hennar. Um er að ræða 7., 13., 15., 16. og 17. gr. frumvarpsins. Vill fjölmiðlanefnd koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum hvað þessar greinar varðar.

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Ríkisútvarpið skuli birta reglur um innra eftirlit og gæðamál, þar með talið meðferð athugasemda og kvartana. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir málskoti til fjölmiðlanefndar, þ.e. að hægt verði að skjóta til fjölmiðlanefndar „niðurstöðum Ríkisútvarpsins um athugasemdir og kvartanir er lúta að efnismeðferð og umfjöllun um einstök málefni“. Í athugasemdum við ákvæðið er síðan m.a. tekið fram að þetta eigi einungis við „um athugasemdir og kvartanir er lúta að efnismeðferð og umfjöllun um einstök málefni og óskir um andmælarétt, sem hægt er að skjóta til fjölmiðlanefndar, sbr. fjölmiðlalög, nr. 38/2011, þ.e. að málið heyri undir lögsögu fjölmiðlanefndar“. Fjölmiðlanefnd telur mjög óljóst hvað hér er átt við. Í því sambandi athugast m.a. að samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 geta allir þeir sem telja að lögvarðir hagsmunir sínir hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli beint erindi sínu til fjölmiðlanefndar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá gerir 1. mgr. 11. gr. ráð fyrir að hægt sé að beina erindum vegna ætlaðra brota á ákvæðum laganna til fjölmiðlanefndar. Ef ætlun frumvarpsákvæðisins er einungis að áréttu þá lögsögu sem fjölmiðlanefnd fer með yfir Ríkisútvarpinu samkvæmt lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 verður að telja ákvæðið óþarft og til þess að gera réttarstöðuna flóknari en hún þarf að vera, enda eru lög nr. 38/2011 sem og 18. gr. frumvarpsins skýr um að lög nr. 38/2011 gildi um Ríkisútvarpið, með tilteknum skýrum undantekningum.

Ef ætlunin er hins vegar að á grundvelli ákvæðisins opnast almenn kvörtunarheimild einstaklinga og lögaðila til fjölmiðlanefndar, vegna þess að efnismeðferð og umfjöllun Ríkisútvarpsins fari í bága við reglur frumvarpsins, er um að ræða umtalsverða rýmkun á valdsviði fjölmiðlanefndar. Telur fjölmiðlanefnd þá breytingu varasama auk þess sem hún þyrfti ef að yrði að verða mun skýrari. Þá þyrfti að fylgja umtalsvert aukið fjármagn, en nefndin áætlar að breytingin gæti numið að minnsta kosti einu stöðugildi hjá fjölmiðlanefnd. Í því sambandi tekur fjölmiðlanefnd fram að hún telur fyrirséð að nokkuð myndi reyna á slíkar kvartanir, enda eru ákvæði frumvarpsins um skyldur Ríkisútvarpsins margar afar almennar og líklegt að ýmsir þeir sem eru ósáttir við umfjöllun Ríkisútvarpsins kynnu að setja fram kröfu á grundvelli þeirra almennt orðuðu skyldna (t.d. um að sanngirni og hlutlægni hafi ekki verið gætt, mismunandi skoðunum ekki verið komið á framfæri, friðhelgi einkalífs ekki verið gætt

o.s.frv). Þá verður að telja afar óheppilegt að kveða á um málskot til fjölmiðlanefndar á ákvörðun opinbers hlutafélags. Miklu nær er að mæla fyrir um samskonar fyrirkomulag og í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, þ.e. að hægt sé að beina erindum vegna ætlaðra brota Ríkisútvarpsins til fjölmiðlanefndar.

Það er vitanlega Alþingis að ákveða hversu víðtækt eftirlit fjölmiðlanefndar skal vera samkvæmt fyrirhuguðum lögum. Samandregið telur fjölmiðlanefnd hins vegar að ef ætlunin er að fela nefndinni almennt hlutverk við að taka afstöðu til kvartana yfir því að Ríkisútvarpið sinni ekki hinum margvíslegu skyldum sínum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins þurfi bæði að koma til skýrari fyrirmæli um það hlutverk og auknar fjárveitingar. Telur fjölmiðlanefnd að mun betur færi á því að 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins yrði felld brott og látið sitja við önnur þau hlutverk sem sérstaklega eru orðuð í frumvarpinu.

Í 15. gr. frumvarpsins er það nýmæli lagt til að fjölmiðlanefnd leggi sjálfstætt mat á það hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt samkvæmt 3. gr. Fær fjölmiðlanefnd þrjá mánuði samkvæmt frumvarpinu til að vinna slíkt mat. Í þessu sambandi er vert að benda á að fjölmiðlanefnd býr ekki yfir þekkingu á kostnaðargreingu og öðrum þáttum er snýr að fjárhagslegu eftirliti með Ríkisútvarpinu. Fjölmiðlanefnd þyrfti ef frumvarpið verður að lögum að koma sér upp slíkri þekkingu eða kaupa aðgang að slíkri þekkingu. Þá verður að gera ráð fyrir því að umtalsverð vinna nefndarinnar fari í að meta með sjálfstæðum hætti ársskýrslu og önnur gögn sem liggja matinu til grundvallar. En í slíku mati felst í raun bæði fjárhagslegt og efnislegt mat á starfsemi Ríkisútvarpsins ár hvert.

Í 16. gr. er einnig að finna nýmæli sem byggir á kröfum Eftirlitsstofnunar EFTA um að fara þurfi fram mat á nýrri fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu. Þar sem um nýmæli er að ræða er óljóst hversu oft mun reyna á ákvæðið, en ljóst er að gera þarf ráð fyrir fjárveitingum vegna verkefnisins.

Í álitni fjármálaráðuneytisins er fjallað um útgjöld A-hluta ríkissjóðs vegna starfsemi stofnana sem frumvarpið tekur til. Í álitinu er einungis fjallað um mat fjölmiðlanefndar á árlegri frammistöðu RÚV. Er gert ráð fyrir því í álitinu að ráða þurfi einn sérfræðing til að annast um það verkefni. Fjármálaráðuneytið áætlar útgjöld nefndarinnar vegna þessa um 10 m.kr.

Fjölmiðlanefnd gerir alvarlegar athugasemdir við kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins þar sem ekki er gert ráð fyrir auknum fjölda erinda sem óhjákvæmilega munu berast nefndinni vegna 13. gr. frumvarpsins. Þá er heldur ekki tekið tillit til þess að fjölmiðlanefnd mun þurfa að meta nýja þjónustu í almannaþágu, en óvíst er hvernig framkvæmd hennar verður, fjöldi slíkra mála og hversu ítarlegt slíkt mat þurfi að vera. Þá er einungis gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið beri kostnað af mati óháðra sérfræðinga og þarf samþykki Ríkisútvarpsins fyrir því. Fjölmiðlanefnd mun því þurfa að bera kostnað af öðrum þáttum matsins.

Samkvæmt öllu framansögðu gerir fjölmiðlanefnd efnislegar athugasemdir við 13. gr. frumvarpsins og leggst gegn samþykkt þess komi ekki til aukinna fjárheimilda vegna þeirra verkefna sem nefndinni er ætlað að sinna verði frumvarpið að lögum.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar

Elfa Ýr Gylfadóttir